

## EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

---

Dags. eftirlits: 27/6-29/6 2017

Nafn fyrirtækis: Landsnet

Fjöldi klst: 28

Tengiliður fyrirtækis: Þórarinn Bjarnason

Framkvæmdasvæði: Kröflu- og Þeistareykjalína

Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

Svæðalandvörður (UST): Davíð Örvar Hansson

---

**Tilgangur eftirlits:** Lega línuvegur með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og frágangur vinnusvæða, sbr. samning um sérstakt eftirlit Umhverfisstofnunar með framkvæmdum Landsnets vegna framkvæmda við Þeistareykjalínu 1 og Kröflulínu 4, og sbr. álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

**Staða verks:** 27/6 Settur úr línuvegur frá mastri 19 til m-20. Ákveðið að taka skeringu í vegstæði ofan við m-18. Stækka þarf plan við mastrið og verður það gert með skeringu í stórgrýttri hlíð. Lögð áhersla á að skeringar verði ekki grjóthreinsaðar og sléttara þar sem næsta umhverfi er grýtt. Forðast að mynda grjótrastir með veginum og dreifa grjóti um skeringar og utan við slóðina. Reynt að staðsetja námu KR-6 en vissast þótti að láta setja námuna út.

28/6. Merktar slóðir að m-21 til m-26. Möstur 24 og 25 standa á nokkuð háum hrygg og þarf að taka nokkuð stóra skeringu norðan megin. Þarna er brekkan gróðurlaus og líklegt að efni úr skeringunni nýtist í slóðina. Ákveðið var á staðsetja námu KR-6 á NA-horni malarhjallans. Efnistökkunni verður hagað þannig að náman verður unnin út frá vegskeringu og þess verði gætt að framlengja aðliggjandi hlíð með sama halla niður í námuna. Reynt verður að móta námuna sem líkast aðliggjandi landi.

29/6. Skoðuð plön sem ráðgert er að gera í tengslum við útdrátt og strekkingu línunnar. Bent var á að þar sem plönin lenda í grónum móa ætti að viðhafa sama verklag og tíðkast hjá Landsvirkjun, þ.e. að taka upp torfur, leggja þær til hliðar og þegar mól hefur verið fjarlægð úr slóðum og plönunum verði torfurnar lagðar aftur á sinn stað. Farið yfir þessi atriði með Adam Traustasyni frá Eflu.

Farið gróflega yfir línuveg og plön frá Bakka að Hrafnabjörgum með Arngrími Ævari Ármannssyni frá Verkís sjá ábendingar.

**Ábendingar:** Varðandi frágang línuvegarins ætti að taka mið af því landi sem vegurinn liggur um. Á kaflanum frá Bakka að skíðasvæði liggur vegurinn að mestu um gróðurlausa og nokkuð grófa urð. Þarna þarf ekki að lagfæra veginn nema þar sem úrrennsli hefur orðið og hugsanlega væri til bóta að taka rás ofan við veginn. Þar sem efni hefur verið tekið úr námu við Höskuldsvatn þarf ekki að ráðast í miklar aðgerðir. Hins vegar þar sem efni hefur verið keyrt úr aðalnámu ÁH ætti að hugað að því að fjarlægja grófasta efni úr köntum sérstaklega þar sem vegurinn liggur um gróið land. Fara ætti varlega í að reyna að pressa niður grófasta efnið þar sem vegurinn getur aflagast við slíkar aðgerðir og orðið til lýta sérstaklega í velgrónu landi.

Sama á við um Kröflulínu þar sem leggja ætti áherslu á að fjarlægja grófasta efnið þar sem vegurinn liggur um gróið land og gróðurlausa fínefnaríka mela. Í lúpínubreiðum þar varla að ráðast í aðgerðir nema þar sem stórgrýti er fast við veginn. Í Bóndhólshrauni þar sem vegurinn liggur um sendin svæði mætti reyna að pressa efnið niður. Þar sem grjóti hefur verið ýtt úr vegstæðinu í rastir ætti að færa grjótið úr stað eða fjarlægja það. Leggja ætti áherslu á að móta veginn að lokinni umferð þyngstu vinnuvéla.

Varðandi för eftir utanvegaakstur ætti að reyna að sá einærum grastegundum í svæðin þar sem bratti er mestur og grafan hefur krafsað burt allan svörð og hætta er á úrrennsli. Varðandi plógför ætti að leggja áherslu á að ráðast nú þegar í aðgerðir í grónum móa þar sem reyna ætti að koma torfum á réttan kjöl til að auka möguleika á lifun í plógfarinu. Varðandi plógför á Hólasandi og Bóndhólshrauni þar sem engin hætta er á frekari skemmdum mætti bíða og sjá til næsta vor hvernig þessi ummerki koma undan vetri.

**Frávik:**

**Niðurstaða eftirlits:** Frágangi er ekki lokið á svæðinu við m-3 til m-7. Námur eru ófrágengnar sem og loka snyrting línuvegar. Umgengni verktaka er góð.

**Fylgiskjöl:**

---

Björn Stefánsson

---

f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.  
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.